

Mánudaginn 17. janúar 1983.

Nr. 241/1982. **Búnaðarbanki Íslands**

gegn

Herbert Ólasyni.

Kærumál. úrskurður um greiðslustöðvun úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. desember 1982, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að greiðslustöðvunartímabilið verði stytt verulega. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Varnaraðili hefur ekki lagt fram aðrar upplýsingar um eignir sínar og skuldir en veðbókarvottorð um Króksstaði í Öngulstaðahreppi, sem eru þinglýst eign hans. Er því ekki hægt að gera sér grein fyrir fjárhagsstöðu hans eða meta það eftir framlögðum gögnum, hvort hann eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum, að heimila beri honum greiðslustöðvun samkvæmt 7. gr. laga nr. 6/1978. Samkvæmt því ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dæma ber varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja 2.000.00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Herbert Ólason, greiði sóknaraðilja, Búnaðarbanka Íslands, 2.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu 10. desember 1982.

Með bréfi, dagsettu 10. desember 1982, óskar Herbert Ólason, 4009-0487, eftir leyfi til greiðslustöðvunar skv. 7. gr. laga nr 6/1978.

Lagt hefur verið fram yfirlit um skuldir beiðanda, þ. e. í veðbókarvott-orði, og gerð grein fyrir eignum hans. Þá hefur og verið sýnt fram á, þ. e. með uppboðsauglýsingu, að beiðandi eigi í verulegum fjárhagserfiðleikum þessa stundina og vilja beiðanda til að koma nýrri skipan á fjármál sín, og hefur hann í því sambandi fengið Benedikt Ólafsson héraðsdómslögmann til að aðstoða sig við það.

Gert hefur verið líklegt, að með sölu fasteignarinnar Króksstaða í Öngulstaðahreppi á frjálsum markaði megi ráða við fjárhag beiðanda og fullnægja kröfuhöfum.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af árstíma þykja vera fyrir hendi skilyrði til að verða megi við beiðni um greiðslustöðvun, sem gilda má í allt að 3 mánuðum frá dagsetningu beiðni, þ. e. 10. desember 1982.

Ályktarorð:

Herbert Ólasyni, nafnr. 4009-0487, er heimil greiðslustöðvun í allt að 3 mánuðum frá 10. desember 1982 að telja, sbr. II. kafla laga nr. 6/1978.

Þriðjudaginn 18. janúar 1983.

Nr. 116/1979. **Hildigunnur Gunnarsdóttir**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík

f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur

(Jón Tómasson hrl.).

Skadabótamál. Sjúkrahús. Ábyrgð vegna læknismeðferðar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlensdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Það mál féll niður vegna útivistar áfrýjanda 1. júní 1979, en áfrýjandi áfrýjaði héraðsdóminum að